



Skólareglur

Umgengnisreglur og skýr mörk
í Kópavogsskóla



Ágúst 2017

Útgefandi: Kópavogsskóli - www.kopavogsskoli.is

Birting á vefsíðu skólans

Umsjón með útgáfu: Skólastjórnendur

Bæklingur þessi inniheldur:

- Lýsingu og dæmi um ásættanlega hegðun
- Lýsingu á “Hegðun eftir litum” fyrir yngri aldurstigin
- Lýsingu og dæmi um óásættanlega hegðun
- Vinnureglur um samskipti við foreldra/forráðamenn þegar óásættanleg atvik eiga sér stað
- Dæmi um árangursríkar leiðir til uppbyggingar
- Sáttahring - að setta ólík sjónarmið
- Viðbrögð ef nemandi þiggur ekki tilboð um að gera uppbyggingaráætlun
- Viðbrögð við lögbrotum og alvarlegum agabrotum
- Lýsingu á ferli agamála
- Reglur um skólasókn
- Almennar umgengnisreglur í skólanum
- Sáttmála um upplýsinga- og tölvutækni í skólastarfinu
- Ákvæði úr reglugerð um ábyrgð, réttindi og skyldur aðila skólasamfélagsins.

Umgenngisreglur og skýr mörk

Samskipta- og umgenngisreglur þessar grundvallast fyrst og fremst á leiðarljósi Kópavogsskóla og hugmyndafræði uppbyggingastefnunnar

“[Uppeldi til ábyrgðar](#)” sem skólinn vinnur eftir og kennd er við upphafsmann hennar Diane Gossen frá Kanada. Þessu til viðbótar er stuðst við áætlun um forvarnir gegn einelti í skólanum, jafnréttisáætlun og reglugerðum um ábyrgð, réttindi og skyldur starfsfólks skóla, nemenda og foreldra.

Uppbyggingarstefnan byggir á kenningum um hæfni einstaklings til sjálfstjórnar, hæfni hans til að tengja saman persónuleg lífsgildi og þann veruleika sem hann býr við. Með stefnunni er ætlað að kenna sjálfstjórn, sjálfsaga og eflia hæfni til að taka ábyrgð á eigin orðum og gjörðum. Lögð er áhersla á að byggja einstaklinginn upp, að hann þekki þarfir sínar og uppfylli þær án þess að meiða aðra.

Í Kópavogsskóla er jafnan stuðst við jákvæðan skólabrag þar sem starfsmenn vinna með sameiginlega sýn að leiðarljósi sem felst í eftirfarandi gildum:

- **Vinátta** - Skólinn er samfélag þar sem við stöndum saman, sínum umhyggju, hjálpssemi og vináttu í öllum samskiptum. Við dæmum ekki og erum tilbúin til að aðstoða hvert annað.
- **Virðing** - Við berum virðingu fyrir sjálfum okkur, fjölbreyttu samfélagi og umhverfi. Við sýnum námsverkum okkar virðingu og virðum ólíkar skoðanir og aðferðir við nám. Allir aðilar skólasamfélagsins fá tækifæri til að hafa áhrif á nám og skólastarfið í heild.
- **Velliðan** - Við viljum að öllum líði vel í skólanum. Við dæmum ekki og nýtum þarfir okkar á jákvæðan og uppbyggilegan hátt í samskiptum okkar hvert við annað.

Skólareglur þessar eru hluti af stefnu Kópavogsskóla í umgengi og samskiptum. Þær gilda í öllu kennslusvæði skólans, á skólalóð, í ferðalögum og á viðburðum sem skólinn stendur fyrir.

Hvað er **ásættanleg** hegðun?

Ætlast er til að nemandi mæti stundvíslega og vel undirbúinn í skólann þar sem hann er reiðubúinn að takast á við krefjandi verkefni, þiggja leiðsögn og taka virkan þátt í viðfangsefnum skólustarfsins.

Nemanda er einnig ætlað að ganga vel um skólann sinn og láta sér annt um að samskipti í skólanum séu vinsamleg og til þess fallin að auka samkennd og öryggi nemenda og annarra sem í skólanum starfa.

Nemandi sýnir sjálfum sér og öðrum virðingu með framkomu sinni, orðum og gjörðum. Til að ná þessum markmiðum þarf að skilgreina hvað telst æskileg hegðun og hvað ekki.

Dæmi um **ásættanlega** hegðun nemanda

Nemandi:

- sinnir hlutverki sínu af kostgæfni
- hefur stjórn á eigin hegðun, bæði orðum og gjörðum
- sýnir sjálfum sér og öðrum virðingu, kurteisi og tillitsemi
- gerir sér far um að leysa úr ágreiningi sem upp kann að koma af skynsemi og án ofbeldis
- gerir sér far um að setja sig í spor annarra
- fer vel með þau verðmæti sem honum er trúað fyrir, gengur vel um skólann og umhverfi hans
- virðir verk og eigur annarra, hefur hendur hjá sér, gengur þrifalega um
- fer eftir fyrirmælum starfsfólks
- leggur sig fram við námið, sýnir metnað og reynir ávallt að gera sitt besta
- virðir verk sín og vandar frágang á verkefnum sínum
- leggur áherslu á heilbrigða lífsýn



Framangreind lýsing á ásættanlegri hegðun á við um hegðun langflestna nemenda Kópavogsskóla.

Stuðlað er að æskilegri hegðun í vinnu með nemendum þar sem námsefni [Uppeldi til ábyrgðar](#) eru notað markvisst í skólalastarfinu.

Góð hegðun eykur vellíðan allra.

Í yngri árgöngum er fjallað um það hvernig hegðun einkennist eftir litum.

Hegðun eftir litum

Yngri nemendur skólans fá þjálfun í að greina, ræða og skilja hegðun út frá fjórum litum. Þannig verður umræðan skýr en um leið ekki persónuleg. Nemendur læra að segja “Ég var grænn í dag” eða “Hún var rauð úti í frímínútum”. Þannig er athyglinni beint að því sem þarf að ræða um og leiðrétta eða ef rétt er að hrósa eða veita aðra jákvæða endurgjöf.



Nemandi sem er...

Grænn er í jafnvægi og líður vel. Hann þorir að hjálpa og segja sína skoðun. Hann veit að hann er góður í sumu en ekki í öllu því allir eru góðir í einhverju en enginn í öllu.

Grár er niðurlútur, óöruggur og óánægður með sig, dregur sig gjarnan í hlé. Hann horfir oftast bara á, þorir ekki annað en að gera eins og hinir þó hann langi það ekki. Hann hefur sig ekki í að hjálpa öðrum. Honum líður illa.

Gulur meiðir gjarnan með orðum, segir ljótt, lætur illa, truflar, stríðir og svíkur loforð. Sá sem er gulur líður illa eða mjög illa.

Rauður; meiðir með orðum, höndum og/eða fótum. Hann er ógnandi og vill gjarnan ráða. Honum líður mjög illa.

Hvað er **óásættanleg** hegðun?

Til að nemendur átti sig betur á því hvar mörkin milli ásættanlegrar og óásættanlegrar hegðunar liggja verða nemendur að gera sér grein fyrir hvað telst óásættanleg hegðun.

Dæmi um **óásættanlega** hegðun nemanda

- óvirðir bekkjarsáttmála
- eyðileggur, hindrar eða truflar skólastarf, vinnu nemenda eða starfsfólks
- hunsar fyrirmæli
- gengur í eigur annarra, skemmir eða stelur
- veldur öðrum kvíða og öryggisleysi
- ógnar öryggi annarra einstaklinga
- notar eða hefur undir höndum tóbak, veib (vape), áfengi eða aðra vímuefna



- **Við líðum ekki lögbrot** svo sem skemmdarverk, þjófnað, ofbeldi, vímuefnanotkun, alvarlegar hótanir eða annað ofbeldi.



Vinnureglur um samskipti við foreldra/forráðamenn ef nemandi sýnir óásættanlega hegðun eða brýtur lög eru með þeim hætti, að öllu jöfnu er haft samband við foreldra/forráðamenn símleiðis eða í netpósti. Nemandinn fær ávallt tækifæri til að bæta hegðun sína og segja sjálfur frá atvikinu áður en haft er samband.

Ef hegðunin breytist ekki eða ef lög eru brotin er leitað eftir hjálp og samvinnu við foreldra/forráðamenn um leiðréttingu, úrvinnslu og uppbyggingu nemandans.

Atvik eru alltaf skráð í dagbók nemenda í Mentor samkvæmt þeim viðmiðum sem skólinn hefur sett sér. Þar kemur meðal annars fram hvaða leið nemandinn hefur valið til uppbyggingar og hvernig hann ætlar að bæta sig (uppbyggingaráætlun).

Lýsing á ferli um leiðir til lausna má finna í næsta kafla.

Vinnureglur þessar eru gerðar samkvæmt 3., 4. og 5. gr. reglugerðar um *ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum*. Sjá nánar bls. 20.



Annar kafli

Leiðir til lausna - Uppbygging

Nemendur geta valið leið til lausnar ef hegðun þeirra reynist óásættanleg. Í Kópavogsskóla viljum við vinna agamál á þann hátt að allir aðilar komi sem sterkastir frá samskiptum, tilbúnir að líta í eigin barm og ná betri stjórn á eigin hegðun.

Allir geta gert mistök

Allir í Kópavogsskóla eru mannlegir og þeim geta orðið á mistök í hegðun, umgengni og samskiptum. Það gildir um: nemendur, kennara, stjórnendur og aðra starfsmenn skólans.

Mistök er hægt að leiðrétta

Besta leiðin til þess að vinna sig út úr vanda er að viðurkenna þau mistök sem orðið hafa - gera áætlun um að leiðrétta þau - og læra þannig betri leið sem nýtist viðkomandi ef upp koma svipaðar aðstæður aftur í lífi hans.





Í Kópavogsskóla lærum við að leysa sjálf mál þegar við verðum ósammála eða ósátt.

Það gerum við með því að setjast niður, ræða málin og fylgja neðangreindum leiðbeiningum sem skráðar eru í sáttahringsinn okkar.

1. Enginn er fullkominn. Við gerum okkur grein fyrir því að öllum getur orðið á mistök

2. Allir segja frá. Við viðurkennum mistök okkar og segjum frá því sem gerðist.

3. Segjum sannleikann. Við segjum satt og rétt frá og forðumst að segja ósatt.

4. Hlustum án þess að grípa fram í. Við sýnum hvert öðru virðingu með því að hlusta á sjónarmið annarra og bíðum þar til röðin kemur að okkur.

5. Forðumst ásakanir, afsakanir, skammir, væl og uppgjöf. Við sýnum hvert öðru jákvæða framkomu sem felur í sér **virðingu, vináttu** og leiðir af sér **velliðan**.

6. Við komum með hugmyndir að lausnum. Við sýnum hugrekki í að tjá skoðanir okkar og finnum sanngjarnar lausnir.

7. Veljum bestu lausnina. Að lokum veljum við lausnina sem flestir málsaðilar geta best sætt sig við. Við virðum alltaf niðurstöðu hópsins.

Hvað gerist ef hegðun er óásættanleg?


Við setjum skýr mörk:



Nemandinn fær val um tvær leiðir til lausnar á málum sínum:

Leið 1)

Nemandinn velur að fara milda og árangursríka leið, hann velur uppbyggingu með því að ná sáttum.



Leið 2)

Nemandinn velur að taka skilgreindum afleiðingum gjörða sinna. Sjá bls. 12.

Á göngum, í búningasklefum, á skólalóð, í matsal og andyri:

1. Starfsmenn skólans leiðbeina nemanda og gefa honum tækifæri til að bæta hegðun sína með **“stuttu inngrípi”**.
2. Haldi nemandi uppteknum hætti og sýni neikvæða hegðun áfram **vísar starfsmaður honum til umsjónarkennara** sem gerir uppbyggingaráætlun með nemandanum og viðkomandi starfsmanni við fyrsta tækifæri.
3. Þeir sem komu að málinu fá upplýsingar um áætlun nemandans sem er **skráð í dagbók Mentor** samkvæmt viðmiðum skólans þar um.
4. Áætluninni er fylgt eftir með viðtali hjá umsjónarkennara.

Í kennslustund:

1. Kennari gefur nemanda tækifæri til að ná stjórn á eigin hegðun, viðurkenna og leiðrétt mistök sín. Sáttahringur nýttur og kennari/stjórnandi aðstoðar nemandann/nemendur að finna leið sem bætir hegðun og sættir ólík sjónarmið. Í framhaldinu er jákvæðri hegðun veitt sérstök athygli og nemanda hrósað fyrir ásættanlega hegðun.
2. Ef nemandi heldur uppteknum hætti ræðir viðkomandi kennari aftur við nemandann við fyrsta tækifæri (eftir tíma, í lok dags eða byrjun næsta dags - allt eftir aðstæðum). Þá er rætt frekar um mögulegar leiðir að lausn og kennari gerir með nemandanum áætlun til uppbyggingar.
3. Atvik er nú skráð í Mentor ásamt uppbyggingaráætlun samkvæmt viðmiðum sem skólinn hefur sett um skráningar í dagbók Mentor.
4. Viðkomandi kennari fylgir uppbyggingaráætluninni eftir með samtali/samtölum eftir atvikum.

Ef endurtekin óásættanleg hegðun er í kennslustundum eða nemendinn þiggur ekki tilboð um að gera uppbyggingaráætlun:

5. Leið 2 er farin samkvæmt framangreindri lýsingu. Sjá mynd bls. 10.

Leið 2 - Nemandi þiggur ekki að gera uppbyggingaráætlun

Ef nemandi þiggur ekki tilboð um að gera uppbyggingaráætlun eða ef áætlun stenst ekki, er málum vísað til umsjónarkennara eða stjórnenda sem tekur ákvörðun um næsta skref. Í flestum tilvikum er boðið sem fyrst til fundar með foreldrum viðkomandi nemanda. Þá taka oftast við aðgerðir sem byggja á skilyrðum og eftirliti.

Dæmi um úrræði til hjálpar nemendum:

- gerður er samningur með skilyrðum
- reglulegir stöðufundir með umsjónarkennara / forráðamönnum / stjórnendum
- skriflegar greinagerðir eða fundur með öllum kennurum viðkomandi nemanda
- foreldrar fylgja nemanda í kennslustundum
- vísað til Nemendaverndarráðs
- tilvísun í sérúrræði innan skóla eða utan hans
- tilvísun til skólasálfræðings (með samþykki foreldra)
- stundaskrá nemanda skert (tímabundið)
- nemanda er boðin aðstoð náms- og starfsráðgjafa
- sérstakt eftirlit í frímínútum
- brottvísun úr tíma og foreldri sækir nemanda. Nemandi mætir ekki aftur hjá viðkomandi kennara fyrr en að afloknum fundi þar sem leitað er eftir samstarfi við foreldra og nemanda um bættu hegðun í skólastarfinu
- brottvísun um stundarsakir vegna ítrekaðra brota á skólareglum. Þegar um brottvísun er að ræða er unnið meðal annars skv. 12. gr. reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum.

Nemendur eða forráðamenn þeirra eru ábyrgir fyrir skemmdum, tjóni eða slysum sem nemendur kunna að valda.

1. Ástand metið.
2. Nemendum og starfsfólki forðað frá hættu.
3. Kallað eftir aðstoð.
4. **Leið 2** farin strax.

Skráning agamála fer fram samkvæmt 13. og 14. gr. *reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum*. Sjá bls. 19.

Ávallt er brugðist við með skýrum hætti við alvarlegu broti.

Lögbrot / alvarleg agabrot - viðurlög

Þegar nemendur brjóta alvarlega af sér eru foreldrar/forráðamenn kallaðir til. Nemandi er vísað frá skóla á meðan afgreiðsla máls er undirbúin.

Samkvæmt lögum má málsmeðferð taka allt að einni kennsluviku án þess að nemandi sé útvegað annað skólaúrræði. Skólinn vinnur samkvæmt *verklagsreglum um málsmeðferð vegna lögbrota og alvarlegra agabrota* og einnig samkvæmt *reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum* (bls.20). Nemendur eru sakhæfir þegar þeir hafa náð 15 ára aldri samkvæmt fæðingarvottorði. Mál sem berast lögreglu berast sjálfkrafa til barnaverndaryfirvalda.

Reglur um skólasókn í 8. - 10. bekk

Samkvæmt lögum eru foreldrar ábyrgir fyrir því að börn þeirra saki skóla. Skólastjóra ber að vísa ófullnægjandi skólasókn nemanda til fræðslu- og barnaverndaryfirvalda.

Fjarvistir nemenda í 8. - 10. bekk eru metnar á eftirfarandi hátt:

Fyrir óheimila fjarvist úr kennslustund: 4 punktar

Nemanda er vísað úr kennslustund: 4 punktar

Leyfi og veikindi gefa ekki punkta hafi forráðamenn tilkynnt þau til skólans.

Fjarvistarpunktar hafa áhrif á skólasóknareinkunn nemenda sem hér segir:

| Punktar | Einkunn | Punktar | Einkunn |
|---------|---------|-----------|---------|
| 0 - 1 | 10,0 | 49 - 54 | 5,5 |
| 2 - 6 | 9,5 | 55 - 60 | 5,0 |
| 7 - 12 | 9,0 | 61 - 66 | 4,5 |
| 13 - 18 | 8,5 | 67 - 72 | 4,0 |
| 19 - 24 | 8,0 | 73 - 78 | 3,5 |
| 25 - 30 | 7,5 | 79 - 84 | 3,0 |
| 31 - 36 | 7,0 | 85 - 90 | 2,5 |
| 37 - 42 | 6,5 | 91 - 96 | 2,0 |
| 43 - 48 | 6,0 | 97 - 102 | 1,5 |
| | | 103 o.fl. | 1,0 |

Foreldrar/forráðamenn geta fylgst með skráningum ástundunar í Mentor.

Umsjónarkennarar upplýsa nemendur sína einu sinni í mánuði um stöðu þeirra þannig að hver og einn geti fylgst nákvæmlega með ástundun.

Ef skólasókn nemanda er ekki viðundandi er honum og foreldrum fyrst gert viðvart og síðan er boðað til fundar með umsjónarkennara / skólastjórnanda þar sem farið er yfir stöðuna. Ef það skilar ekki tilætluðum árgangri verður málinu vísað til nemendaverndarráðs sem tekur ákvörðun um hvort óskað verði eftir aðstoð barnaverndar til úrlausnar.

Hver nemandi í **8. - 10. bekk** byrjar með einkunnina 10,0 í skólasókn í upphafi starfsárs.

Fjarvistir og óstundvísi koma síðan til frádráttar. Þau stig sem eftir eru í lok annar teljast mætingareinkunn sem birtist í Mentor.

Þetta er sérstök einkunn óháð frammistöðu í einstökum námsgreinum. Nemandi getur einu sinni á önn sótt um hækkun skólasóknareinkunnar til umsjónarkennara með samþykki foreldra / forráðamanna.

Fari nemandi niður fyrir 8,0 í mætingareinkunn skal umsjónarkennari tilkynna það foreldrum / forráðamönnum hans. Fari nemandi niður fyrir 7,0 skal nemandi ásamt foreldrum / forráðamönnum koma í samtal til umsjónarkennara.

Ef nemandi er kominn niður fyrir 5,0 verður mál hans tekið til sérstakrar umfjöllunar hjá stjórnanda í samráði við foreldra / forráðamenn og umsjónarkennara. Ef það skilar ekki tilætluðum árangri verður málinu vísað til nemendaverndarráðs sem tekur ákvörðun um hvort óskað er eftir aðstoð barnaverndar til úrlausnar.

(F) Fjarvistir

Komi nemandi ekki í kennslustund skal færa **F** í bekkjarskrá. Ef nemandi er fjarverandi án leyfis í heilan dag, skal umsjónarkennari hans/deildarstjóri leita skýringa á því og meta síðan fjarveru hans til frádráttar, þó ekki meira en frádráttarreglur segja til um.

(S) Seint

Komi nemandi of seint í kennslustund skal færa **S** í bekkjarskrá.

Nemendur sem komnir eru með lægri skólasóknareinkunn en 8 geta tvisvar sinnum á skólaárinu sótt um til umsjónarkennara að hækka einkunnina. Gerður er skriflegur samningur milli nemanda og umsjónarkennara. Þá gefa þrjár punkta-laugar vikur (15 virkir dagar) 1 í hækkun. Nemandi getur þó aldrei náð hærri einkunn en 8. Við fyrsta brot fellur samningurinn úr gildi. Falli samningur úr gildi heldur nemandi fyrri einkunn.

Nám og gögn

Við komum vel undirbúin til náms og vinnu.

Skólahúsnaði

Við göngum vel og af virðingu um skólahúsnaðið. Við flokkum rusl í ruslafötur og notum hægri reglu á göngum.

Skófatnaður og yfirhafnir

Við förum úr útiskóm í forstofum og þeim komið fyrir í skóhillum en gestir og fullorðnir nota skóhlífar. Undantekningar eru gerðar á jólaskemmtunum og árshátíð skólans. Snagar fyrir yfirhafnir eru á göngum fyrir framan kennslustofur og í unglingaandyri. Við hvetjum nemendur til að skilja ekki eftir verðmæti í yfirhöfnum eða töskum. Fatnaður og áhöld í eigu nemenda eiga að vera vel merkt til að forðast uppsöfnun á óskilamunum. Við viljum að nemendur taki með sér allan fatnað og fylgibúnað af snögum heim á föstudögum.

Hádegisverður og nesti

Nemendur neyta hádegisverðar í matsal skólans. Nemendur eru meðvitaðir um mikilvægi þess að [nýta mat vel og forðast matarsóun](#). Hver nemandi gengur frá þeim áhöldum sem hann notar í matartímum. Allir nemendur hjálpast að við að hafa snyrtilegt í kringum sig og viðhafa góða borðsiði.

Kópavogsskóli er heilsueflandi skóli og því koma nemendur með heilsusamlegt nesti í skólann. Elstu nemendur skólans neyta matar kl. 12:30 og mega því gjarnan koma með að auki ávöxt til hressingar í seinni frímínútum.



Nemendur eru í skólanum á skólatíma

Ætlast er til þess að nemendur séu í skólabyggingu eða á skólalóð á skólatíma. Undanskildar eru ferðir í íþróttahúsið Smárann, Kópavogslaug og skipulögðum ferðum á vegum skólans. Leyfi til að iðka nám utan skóla og/eða leyfi til rökstuddra undantekninga frá þessari reglu veita umsjónakennarar og skólastjórnendur.

Reiðhjól og hjólaleiktæki

Nemendum skólans er heimilt að koma á reiðhjólum í skólann frá 7 ára aldri. Samkvæmt umferðarlögum mega börn yngri en 7 ára alls ekki vera úti í almennri umferð á reiðhjóli nema þau séu undir leiðsögn og eftirliti 15 ára eða eldri.

Það er mjög mikilvægt að gengið sé frá hjólum og hjólaleiktækjum á hjólagrindum við skólann. Ekki er hægt að geyma hjól- og hjólaleiktæki innandyrna.

Reiðhjól og önnur hjólaleiktæki eru alfarið á ábyrgð nemenda og foreldra/forráðamanna þeirra sem og að nemendur noti viðeigandi öryggisbúnað.

Umferð hlaupahjóla, reiðhjóla og léttra bifhjóla (rafhjóla) á skólalóð á skólatíma er bönnuð. Komi nemandi á hjólaskóm í skólann er nauðsynlegt að hafa aðra skó meðferðis. Umferð annarra hjólaleiktækja en reiðhjóla á skólalóð miðast eingöngu við frímínútur og hádegi á malbikaða vellinum, norðan við útikennslustofu.

Leiksvæði

Skólalóðinni er skipt niður í nokkur leiksvæði til að koma til móts við sem flestar þarfir nemenda. Sparkvelli og malbikuðum velli er skipt á milli árganga í frímínútum samkvæmt útgefni vallartöflu.

Sælgæti og gosdrykkir

Nemendur neyta ekki sælgætis eða gosdrykkja í skólanum nema með sérstöku leyfi skólastjórnenda.





Kópavogsskóli tekur virkan þátt í spjalddölvuverkefni Kópavogsbæjar sem hefur það að meginmarkmiði að bæta skólastarf og námsárangur. Skólinn tekur um leið þátt í breytingum á áherslum náms og kennslu í takt við tækniþróun hverju sinni. Það gerum við með því að:

- **nýta tæknina á uppbyggilegan hátt við nám og kennslu**
- **virða verkstjórnarhlutverk kennara í kennslustundum**
- **virða rétt félaga okkar til að stunda nám sitt án truflunar**
- **virða rétt kennara til að kenna án truflunar**

Ef nemandi gerir mistök verður farið með það mál eins og um aðra óásættanlega hegðun (sjá bls. 10).

Ábyrgð, réttindi og skyldur **starfsfólks skóla**

Starfsfólk skóla skal ávallt bera velferð nemenda fyrir brjósti og leggja sig fram um að tryggja nemendum öryggi, vellíðan og vinnufrið til að þeir geti notið skólagöngu sinnar. Starfsfólk skal sýna nærgætni og gæta virðingar í framkomu sinni gagnvart nemendum, foreldrum og samstarfsfólki og gæta þagmælsku. Skólastjórnendum og kennurum ber að eiga samstarf við foreldra um hegðun, líðan og samskipti barna þeirra. *Úr 3. gr. [reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum.](#)*

Ábyrgð, réttindi og skyldur **nemenda**

Nemendur bera ábyrgð á framkomu sinni, háttsemi og samskiptum við skólasystkin og starfsfólk skóla þ.m.t. rafrænum samskiptum og netnotkun með hliðsjón af aldri og þroska. Nemendur eiga rétt á að láta skoðanir sínar í ljós og fá að tjá sig ef fundið er að hegðun þeirra skv. *4. gr. [reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum.](#)*

Ábyrgð, réttindi og skyldur **foreldra**

Foreldrar bera ábyrgð á uppeldi barna sinna, þar með talið hegðun barns gagnvart samnemendum og starfsfólki. Foreldrar gæta hagsmuna barna sinna og upplýsa starfsmenn skóla um þætti sem kunna að hafa áhrif á ástundun og hegðun. Foreldrum ber ásamt nemanda að taka þátt í meðferð mála sem upp kunna að koma. Þessi atriði byggjast á *5. gr. [reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum.](#)*